

Ár 2013, fimmtudaginn 21. febrúar kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Innanríkisráðuneytinu frá 7. febrúar 2013.

Í bréfinu er kynnt breyting á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur. Samkvæmt henni mun grunnfjárhæð húsaleigubóta hækka í áföngum á árinu. Kostnaðarauki vegna breytinganna mun alfarið verða borinn af ríkissjóði.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í bréfinu er boðað til XXVII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður 15. mars 2013 á Grand hóteli.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Námsmatsstofnun frá 11. febrúar 2013.

Í bréfinu er kynnt að Grunnskólinn í Hveragerði hefur verið valinn til þátttöku í verkefni um ytra mat á skólastarfinu sem Námsmatsstofnun mun framkvæma á tímabilinu febrúar – júní 2013. Þeir þrír matsþættir sem verða þungamiðjan í matinu eru: stjórnun, nám og kennsla og vinnubrögð við innra mat.

Bæjarráð fagnar því að Grunnskólinn í Hveragerði skuli hafi orðið fyrir valinu í þetta sinn og telur að með faglegu ytra mati megi gera góðan skóla enn betri.

1.4. Ungmennafélagi Íslands frá 7. febrúar 2013.

Í bréfinu er auglýst eftir umsóknum til að halda landsmót UMFÍ 50+ árið 2015.

Lagt fram til kynningar.

- 1.5. **Ungmennafélagi Íslands frá 7. febrúar 2013.**
Í bréfinu er auglýst eftir umsóknum til að halda unglingalandsmót UMFÍ árið 2016.
Lagt fram til kynningar.
- 1.6. **Ungmennafélagi Íslands frá 7. febrúar 2013.**
Í bréfinu er auglýst eftir umsóknum til að halda landsmót UMFÍ árið 2017 og 2021.
Lagt fram til kynningar.
- 1.7. **Símanum frá 6. febrúar 2013.**
Í bréfinu eru áform Símans um tengingu Ljósnets í 53 þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni kynnt en ljósnetið mun m.a. verða tengt í Hveragerði.
Bæjarráð fagnar áformum Símanns um lagningu Ljósnets í Hveragerði enda er ljóst að fjarskipti og góðar tölvutengingar skipta gríðarlegu máli fyrir búsetugæði landsmanna.
- 1.8. **Forvarnarbókinni frá 8. febrúar 2013.**
Í bréfinu er óskað eftir styrk að upphæð kr. 125.000.- til útgáfu ritsins Fíkniefni og forvarnir – handbók fyrir heimili og skóla.
Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við styrkbeiðninni í þetta sinn.
- 1.9. **Árna Birni Guðjónssyni frá 10. febrúar 2013.**
Í bréfinu óskar Árni Björn eftir lóð í Hveragerði fyrir ferðamannamiðstöð sem inniheldur sundlaugargarð og Eden garða sem eru undi gleri.
Bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara.

2. Starfsmannamálefni:

- 2.1. **Minnisblað frá bæjarstjóra frá 19. febrúar 2013.**
Í minnisblaðinu ræðir bæjarstjóri um ráðningu umhverfisfulltrúa til Hveragerðisbæjar í samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2013.
Bæjarráð samþykkir að fela ráðningarstofunni Capacent að auglýsa stöðuna í samræmi við gögn sem voru lögð fram á fundinum.

3. Tæknileg málefni:**3.1. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 18. febrúar 2013.**

Í minnisblaðinu ræðir skipulags- og byggingarfulltrúi um útboð á frárennislögn að Sundlauginni í Laugaskarði og malbikun göngustígs.

Bæjarráð samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa útboðið í samræmi við minnisblaðið.

3.2. Opnun tilboða í verkið „Sláttur og hirðing í Hveragerði“.

Tilboð voru opnuð 7. febrúar 2013. Alls bárust tvö tilboð í verkið.

Bjóðendur	Tilboðsfjárhæð
Sláttu- og garðþjónusta Suðurlands	9.445.279.-
Garðálfar ehf	13.180.053.-
Kostnaðaráætlun Verkfræðistofu Suðurlands ehf	15.152.733.-

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Sláttu- og garðþjónustu Suðurlands.

3.3. Bréf frá Vegagerð ríkisins frá 13. febrúar 2013.

Í bréfinu hafnar Vegagerðin útreikningi á framkvæmdaleyfisgjaldi vegna framkvæmdarleyfis fyrir breikkun Hringvegur (1-d8) um Kamba.

Bæjarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ræða við Vegagerðina vegna gjalds fyrir framkvæmdaleyfi. Jafnframt er þeim falið að afla upplýsinga um hvernig álagningu þessa gjalds er háttað við sambærilegar framkvæmdir í öðrum sveitarfélögum.

3.4. Umsókn um lóðina Vorsabæjarvellir 8.

Þ. Hjálmar Gunnarsson sækir um hesthúsalóðina Vorsabæjarvellir 8.

Bæjarráð samþykkir að úthluta Þ. Hjálmar Gunnarssyni lóðinni Vorsabæjarvellir 8. Bæjarráð setur sem skilyrði fyrir úthlutuninni að sökklar verði komnir upp eigi síðar en 1. júní og húsið fokhelt og frágengin lóð eigi síðar en 30. september 2013, að öðrum kosti verður lóðarúthlutunin afturkölluð.

4. Fundargerðir til kynningar:**4.1. SASS frá 8. febrúar 2013.**

4.2. **Skólaskrifstofu Suðurlands frá 15. febrúar 2013.**

Bæjarráð Hveragerðis lýsir yfir vonbrigðum með ákvörðun bæjarstjórnar Árborgar frá því í gær um úrsögn úr Skólaskrifstofu Suðurlands. Með þeirri ákvörðun er verið að slíta farsælu samstarfi um sérfræðiþjónustu á suðurlandi sem frá upphafi hefur verið nemendum, fjölskyldum þeirra og skólastarfi til mikilla hagsbóta.

4.3. **Sorpstöðvar Suðurlands frá 5. febrúar 2013.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9:35

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)